

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir miðsvæði, Sveitarfélaginu Vogum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 29. ágúst 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðsvæði.

Í breytingunni felst að íbúðum við Keilisholt 1 og 3 er fjölgað úr 40 í 64 alls, eða úr 20 í 32 í hvoru húsi og gert verði ráð fyrir 1,5 bílastæðum fyrir hverja íbúð í stað 2. Byggingarreitum Lyngholts 19 og Breiðuholts 22 er breytt. Legu gangstéttar og langstæða við Breiðuholt 8-10 og 12-14 og lóðum Breiðuholts 2, 4, 6 og 8-10 er hliðrað vegna þess. Gert er snúningssvæði í enda götunnar að vestanverðu og breytast því lóðarmörk vegna þess. Lagfært er misræmi milli skilmála í greinargerð og skýringarmyndar fyrir húsgerð C. Ýmsar lagfæringar gerðar varðandi lóðir, byggingarreiti og bílastæði í samræmi við útgefin lóðarblöð. Sýndar eru manir við Vogabraut og Keilisholt. Bætt er við byggingarreitum (E) fyrir tvær sorp- og hjólageymslur við fjölbýlishúsin við Keilisholt 1-3. Hámarksstærð hvorrar geymslu er 60 m², þakgerð er flatt eða einhalla með lágmarkshalla og vegg hæð er að hámarki 2,8 m yfir gólfkóta.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 17. september 2018.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2018